

Málar.: 2008002
Dalabyggð Mátaskrá

6. ÁGÚ. 2020

Bréfalýkill: 00.05.00



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 4 · 101 Reykjavík

sími: 545 9500

postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Héraðsskjalasafn Dalasýslu
Valdís Einarsdóttir, héraðsskjalavörður
Miðbraut 11
370 Búðardal


Reykjavík 17. júlí 2020
Tilv.: MMR20030016/12.4.2-

Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur nú hafið vinnu við setningu reglugerðar á grundvelli 10. mgr. 15. gr. laga um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 (hér eftir nefnd lög um opinber skjalasöfn). Ákvæðið mælir fyrir um að ráðherra mæli fyrir um gjald skv. 5., 8., og 9. mgr. í reglugerð að fenginni tillögu frá opinberum skjalasöfnum og skal miða við þann kostnað sem hlýst í rekstri stofnana af varðveislu skjala með hliðsjón af eðli þeirra og magni. Í frumvarpi því er varð að lögum um opinber skjalasöfn kemur fram að gjald á grundvelli 5., 8. og 9. mgr. miðist við gjald sem greitt er fyrir leigu á viðhlítandi skjalageymslu til varðveislu skjala með hliðsjón af eðli þeirra og magni og er því talið eðlilegt að til séu ákveðnar reglur um gjaldtökuna þannig að öll opinber skjalasöfn geti tekist á við umrædd verkefni á sama grundvelli.

Í ljósi framangreinds óskar ráðuneytið eftir tillögu frá yður í samræmi við 10. mgr. 15. gr. laga um opinber skjalasöfn. Er jafnframt óskað eftir því að tillögur berist innan þriggja vikna frá dagsetningu þessa bréfs.

Fyrir hönd ráðherra


Baldur Þórir Guðmundsson


Rakel Birna Þorsteinsdóttir